

Þriðjudaginn 7. apríl 1992.

Nr. 455/1989. **Bæring Ólafsson og**

Útgáfufélagið Bros

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

gegn

Ólafi Þorsteinssyni & Co. hf.

(Hákon Árnason hrl.).

Skuldamál. Víxill. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1989. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Víxill sá, sem krafist er greiðslu á í málinu, á rætur að rekja til skuldar samkvæmt reikningi frá Borgarprenti, sem dagsettur er 16. júlí 1987. Skuldari samkvæmt þeim reikningi, sem er vegna Vísna-bókar, var Útgáfufélagið Bros. Er víxillinn framlenging á eldri víxli, sem var greiðsla á hluta af skuldinni samkvæmt reikningnum.

Eigi kemur fram í málinu, hvernig háttað var ritun samþykkis á hinn upphaflega víxil. Haraldur Kristjánsson og Bæring Ólafsson áttu samstarf um bókaútgáfu á þeim tíma, er hér skiptir máli. Prentun vegna hennar annaðist Borgarprent. Haraldur var hluthafi í Útgáfufélaginu Brosi hf. og framkvæmdastjóri þess. Hann virðist hafa komið mikið fram út á við vegna bókaútgáfunnar.

Eins og atvikum var háttað, verður fallist á það með stefnda, að hann hafi mátt ætla, að Haraldur Kristjánsson hefði umboð Bærings Ólafssonar til að samþykkja umræddan víxil vegna Útgáfufélagsins Bros. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðis-aukaskatts.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál samkvæmt XX. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í áskorunarstefnu er þess ekki getið, að málið sé höfðað sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laganna. Það athugast, að greinargerð kom ekki fram í málinu af hálfu stefnanda í héraði, svo sem skylt var, eftir að stefndi hafði lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bæring Ólafsson og Útgáfufélagið Bros, greiði stefnda, Ólafi Þorsteinssyni & Co. hf., 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 20. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 30. september 1988.

Stefnandi er Ólafur Þorsteinsson & Co. hf., kt. 500269-3089, Vatnagörðum 4, Reykjavík.

Stefndi er Bæring Ólafsson, kt. 221155-4839, Arnartanga 16, Mosfellsbæ, persónulega og vegna einkafirma síns, Útgáfufélagsins Bross, kt. 620687-1119, Óðinsgötu 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða víxilskuld, að fjárhæð 179.687,50 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

I.

Stefnandi kveður skuld þessa vera skv. víxli, að fjárhæð 179.687,50 kr., út gefnum í Reykjavík 3. nóvember 1987 af S. Magnúsd. f.h. stefnanda, án afsagnar og framseldum af útgefanda. Vixillinn hafi verið samþykktur til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, 5. janúar 1988 af ólæsilegu nafni fyrir hönd Útgáfufélagsins Bross. Vixillinn hafi ekki verið greiddur á gjalddaga, og hafi stefnandi þurft að leysa hann til sín, svo sem áritun á vixilinn beri með sér. Stefnandi kveður málið höfðað skv. 20. kafla laga nr. 85/1936. Undir rekstri málsins hafi stefndi upplýst, að Haraldur

Kristjánsson hafi ritað: Samþykki víxillinn fyrir hönd Útgáfufélagsins Bros, en haldið því jafnframt fram, að víxillinn hafi verið samþykktur fyrir hönd hlutafélags með sama nafni, en láðst hafi að setja stafina „hf.“ aftan við nafnið. Stefndi haldi því og fram, að Haraldur þessi hafi enga heimild haft til þess að skuldbinda einkafirma Bærings Ólafssonar, sem heitið hafi Útgáfufélagið Bros. Þessu sé andmælt af hálfu stefnanda, enda beri víxillinn ekkert slíkt með sér, og ekki hafi verið um það talað, þegar víxillinn hafi verið samþykktur. Stefndi hafi rekið einkafirma, sem skráð hafi verið á þessum tíma eins og stimpillinn á víxlinum segi til um, og hafi stefnandi verið í góðri trú um, að þarna væri um hið skráða einkafirma stefnda að ræða.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því, að Haraldur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Útgáfufélagsins Bros hf., hafi samþykkt víxillinn í nóvember 1987. Starfsemi útgáfufélagsins hafi verið rekin sem einkafirma stefnda, Bærings, þar til 13. júlí 1987, en þá hafi því verið breytt í hlutafélag. Haraldur hafi enga heimild haft til þess að skuldbinda einkafirma Bærings Ólafssonar, enda hafi skuldbindingin verið gerð fyrir hlutafélagið, þótt láðst hafi að setja stafina „hf.“ fyrir aftan nafnið á víxlinum.

Stefndi vísar í framburð vitnisins Haralds Kristjánssonar hér fyrir dómi, sem hafi borið að hafa starfað fyrir hlutafélagið Útgáfufélagið Bros. Stefndi upplýsir, að hlutafélag þetta hafi verið stofnað til þess að standa fyrir skuldbindingum vegna útgáfunnar.

III.

Upplýst er í máli þessu, að stefndi, Bæring Ólafsson, hafi rekið einkafirma, sem skráð hafi verið í firmaskrá undir nafninu Útgáfufélagið Bros. Firma þetta var skráð í firmaskrá á þeim tíma, sem víxillinn í máli þessu var út gefinn. Víxillinn ber ekki annað með sér en greiðandi hans sé þetta einkafirma stefnda, og stimpill stefnda, sem tilgreinir Útgáfufélagið Bros ásamt heimilisfangi og síma, hefur verið notaður af þeim, sem ritaði samþykki fyrir hönd greiðanda. Gegn andmælum stefnanda hefur stefndi ekki leitt í ljós, að talað hafi verið um það við útgáfu og samþykki víxilsins, að greiðandi væri hlutafélag með sama nafni og skráð er í meginmáli víxilsins. Greiðandi víxilsins er því einkafirma stefnda, og ber víxillinn með sér, að hann hafi verið samþykktur fyrir hönd greiðanda.

Stefndi heldur því fram, að Haraldur Kristjánsson, sem samþykkt hefur víxillinn fyrir hönd einkafirma stefnda, hafi ekki haft til þess heimild. Stefndi bendir í því sambandi á, að Haraldur hafi átt með áritun sinni að skuldbinda hlutafélagið með sama nafni.

Upplýst er, að stefndi og Haraldur Kristjánsson hafi unnið saman að útgáfu bóka á útgáfutíma víxilsins, sem er löngu eftir stofnun umrædds hlutafélags. Með vísan til þessa og til þess, að engin tilraun virðist hafa verið gerð til að tilkynna útgefanda víxilsins, að sá, sem samþykkti hann, hafi ekki haft til þess heimild, verður ekki talið í ljós leitt af stefnda hálfu, að Haraldur Kristjánsson hafi ekki haft umboð til þess að samþykkja víxilinn fyrir hönd einkafirma stefnda, Útgáfufélagsins Bross. Verður samþykkjandi því talinn hafa skuldbundið einkafirmað með áritun sinni, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 60.000 kr.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bæring Ólafsson, greiði vegna einkafirma síns, Útgáfufélagsins Bross, stefnanda, Ólafi Þorsteinssyni & Co. hf., 179.687,50 kr. auk eftirfarandi ársvaxta:

51,60% frá 5.1.1988 til 1.3.1988, 45,60% frá 1.3.1988 til 1.5.1988, 44,40% frá 1.5.1988 til 1.7.1988, 52,80% frá 1.7.1988 til 1.8.1988, 56,40% frá 1.8.1988 til 1.9.1988, 49,20% frá 1.9.1988 til 27. október 1988, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, er reiknist í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, 450 kr. í stimpilkostnað, 125 kr. í bankakostnað og 60.000 kr. í málskostnað, er beri vexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt að viðlagðri aðför að lögum.